

Fundur í kjörnefnd Ásahrepps haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins á Laugalandi fimmtudaginn 25. Júní 2020, klukkan 16:30

Mætt: Kristín Ósk Ómarsdóttir, Benedikt Elvar Jónsson, Hulda Brynjólfsdóttir og Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri. Kristín Ósk ritar fundargerð

1. Rætt um efni fundar yfirkjörstjórnar á Selfossi 23. Júní. Kristín Ósk sótti fundinn fyrir hönd kjörnefndar. Á fundinum voru öll kjörgöng afhent. Valtýr greindi frá hefðbundin meðferð slíkra gagna og ræddi mikilvægi nákvæmni í öllum vinnubrögðum. Kristín Ósk greindi sérstaklega frá þeirri áherslu yfirkjörstjórnar að bóka allt sem kæmi upp á kjörstað.
2. Rætt um sóttvarnir við framkvæmd kosninga. Ákveðið að hver kjósandi fái blýant afhentan með kjörseðli og skili honum aftur til oddvita sem sóttthreinsi blýantinn. Oddviti mun einnig hafa handspritt og gæta þess að spritta hendur reglulega. Þá verður sprittbrúsi við inngang. Ekki verður boðið upp á konfekt líkt og tíðkast hefur.
3. Valtýr afhendir afrit af leiðbeiningum Þjóðskrár til sveitarstjórna um meðferð kjörskrárstofna, einnig útprentun af sóttvarnaráætlun sem útbúin var af yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborg.
4. Valtýr afhendir tvær staðfestar kjörskrár. Ekkert hefur verið um breytingar á kjörskrá.
5. Valtýr afhendir tvo kjörkassa ásamt lyklum að þeim

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:15